


12. september 2026, útgáfa 1.0

Atvikaáætlun aðgerðastjórnar Hópslysaáætlun fyrir Vestmannaeyjar



Lögreglustjórinn í
Vestmannaeyjum



VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

**Atvikaáætlun vegna hópslysa fyrir
umdæmi lögreglustjórans í
Vestmannaeyjum**

Áætlunin er unnin af
Lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum og
Almannavarnanefnd Vestmannaeyja í
samstarfi við Ríkislögreglustjóra

Athugasemdir við áætlunina skal senda til
lögreglunnar í Vestmanneyjum á netfangið:

vestmannaeyjar@logreglan.is

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.....	4
2. Staðhættir og áhættuþættir	5
3. Virkjun	5
4. Boðun	5
4.1 Boðun atviksáætlunar	6
4.2 Afboðun	6
5. Starfssvæði.....	7
5.1 Móttökustaður (MÓT)	7
5.2 Biðsvæði bjarga (BB).....	7
5.3 Slysstaður og næsta nágrenni (SLY)	7
5.4 Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)	7
5.5 Söfnunarsvæði útsettra (SSÚ)	8
5.6 Söfnunarsvæði látinna (SSL)	8
5.7 Gæslustörf á vettvangi (IL og YL).....	8
5.8 Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)	8
5.9 Fjöldahjálparstöð (FHS)	8
5.10 Talning og skráning	9
6. Sértækur kafli.....	10
6.1 Mannmargir viðburðir	10
6.2 Sjóslýs innan hafna	10
6.2.1 Virkjun.....	10
6.2.2 Boðun.....	10
6.2.3 Stjórnun aðgerða	10
6.2.4 Umfang og staðsetning atviks.....	11
6.2.5 Hafnarsvæði.....	11
6.2.6 Fjarskipti	11
6.2.7 Starfsvæði og móttaka í landi	12
6.2.8 Ábyrgð skipstjóra	12
6.3 Sjóslýs utan hafna	12
7. Verkefni viðbragðsaðila	13
7.1 Neyðarlína 112	13
7.2 Aðgerðastjórn (AST)	13
7.3 Lögreglan í Vestmannaeyjum (LVE).....	13
7.4 Vettvangsstjórn (VST).....	13
7.5 Sjúkraflutningar og starfsmenn Heilbrigðisstofunnar Suðurlands í Vestmannaeyjum	13
7.6 Slökkviliðið í Vestmannaeyjum	14
7.7 Svæðisstjórn á svæði 18	14
7.8 Björgunarsveitir á svæði 18	14
7.9 Rauði krossinn á Íslandi (RKÍ).....	14
7.10 Samráðshópur um áfallahjálp í umdæminu	14
8. Breytingasaga	15

1. INNGANGUR

Atvikaáætlun þessi er byggð á stjórnskipulagsáætlun fyrir umdæmi lögreglustjórans í Vestmannaeyjum en saman mynda stjórnskipulagsáætlun og atvikaáætlunir viðbragðsáætlanir fyrir svæðið. Áætlunin er unnin af lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum í samstarfi við almannavarnanefnd Vestmannaeyja. Viðbragðsaðilar og aðrir sem hlutverk hafa samkvæmt áætluninni voru hafðir með í ráðum.

Áætlunin styðst við verkþáttaskipunir SÁBF vegna aðgerða á slysavettvangi. Markmið áætlunarinnar er að tryggja skipulögð viðbrögð vegna hópslysa og að þolendum berist nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma. Atvikaáætlunin er til leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð en felur ekki í sér endanleg fyrirmæli. Þannig getur lögreglustjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni. Atvikaáætlunin getur einnig nýst fyrir óskilgreint atvik sem ekki hefur verið unnin atvikaáætlun fyrir.

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum, í samvinnu við almannavarnarnefnd Vestmannaeyja, ber ábyrgð á virkni áætlunarinnar og vinna aðilar saman að uppfærslum og lagfæringum á henni, en ritstjórn er á ábyrgð lögreglustjórans í Vestmannaeyjum. Atvikaáætlunin skal vera lifandi skjal sem er uppfærð í samræmi við þróun og þarf að taka mið af aðstæðum á hverjum tíma. Skal það gert að höfðu samráði við viðkomandi hagsmunaaðila.

Upplýsingar um skammstafanir sem fram koma í atvikaáætluninni er að finna í stjórnskipulagsáætlun fyrir umdæmið.

Þeir aðilar sem tengjast áætluninni skulu taka saman verklagsáætlun með gátlistum um úrlausn þeirra verkefna sem þeim eru falin. Uppfærsla gátlista er á ábyrgð viðkomandi starfseininga.

Áætlun þessi skal æfð eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Einnig skal hún kynnt reglulega þeim aðilum sem hlutverk eiga í henni.

Boðunarlista hjá Neyðarlínunni skal uppfæra eins oft og þörf krefur og eigi sjaldnar en árlega.

Við gerð viðbragðsáætlana, þ.e. stjórnskipulags- og atvikaáætlana, er stuðst við ákvæði laga nr. 82/2008 um almannavarnir, reglugerð nr. 323/2010 um gerð og efni viðbragðsáætlana, reglugerð nr. 650/2009 um flokkun almannavarnastiga, reglugerð nr. 100/2009 um skipulag og störf stjórnar samhfæingar- og stjórnstöðvar og viðbragðsaðila almannavarna auk ákvæða lögreglulaga nr. 90/1999, laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, sóttvarnalaga nr. 19/1997, reglugerð nr. 71/2011 um stjórnun leitar- og björgunaraðgerða á leitar- og björgunarsvæði Íslands vegna sjófarenda og loftfara og laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006.

Áætlun þessari er dreift til aðila sem hafa hlutverk í henni og er vistuð á vef almannavarna og í skjalasafni lögreglustjórans samanber stjórnsýslulög nr. 37/1993. Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum tryggir að mikilvægar upplýsingar og gögn er varða gerð, uppfærslu, æfingar og virkjun áætlunarinnar sé safnað og þau geymd.

Viðbragðsáætlunin tekur gildi

12. september 2026

Áætlunin er undirrituð rafrænt.

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum
Almannavarnanefnd Vestmannaeyja
Ríkislögreglustjóri

2. STAÐHÆTTIR OG ÁHÆTTUÞÆTTIR

Aðstæður og staðhættir fara eftir staðsetningu og veðurfari á slysstað á hverjum tíma. Viðbragðsáætlun þessi getur einnig nýst í þeim tilfellum þar sem ekki hefur verið unnin viðbragðsáætlun fyrir óskilgreint atvik.

3. VIRKJUN

Neyðarlínan 112 annast virkjun og boðun samkvæmt áætlun þessari að beiðni eins af eftirtöldum aðilum:

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Lögreglustjórans í Vestmanneyjum

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra

Aðrir viðbragðsaðilar, vegna tiltekinna atvika, geta lagt til við ofangreinda aðila að áætlun verði virkjuð.

Þegar áætlunin er virkjuð eru aðgerðir í umdæminu undir stjórn aðgerðastjóra. Hann metur hvort þörf er á að boða fleiri aðila til starfa

4. BOÐUN

Þegar ákveðið er að virkja áætlunina skulu ofangreindir aðilar afla frekari upplýsinga til ákvarðanatöku og upplýsa Neyðarlínuna.

Neyðarlína skal þá boða út skv. gildandi boðunaráætlun:

- Vástig: Neyðarstig
- Forgangur: F1
- Umfang: Rauður
- Líklega staðsetningu atburðar í hnitum skv. korti
- Talhópur
- Annað ef þarf, s.s. MÓT

Lögregla eða annar viðbragðsaðili stofnar aðgerð í aðgerðagrunni almannavarna, eða óskar eftir því að FMR geri það og deilir henni með öðrum viðbragðsaðilum. LHG stofnar aðgerð vegna atburða á sjó utan hafnar eða í lofti.

Viðbragðsaðilar á leið á vettvang skrá upplýsingar um hóp í aðgerðagrunn.

- Hverjir eru í hóp
- Hvaða tæki
- Sérþekking hóps/meðlima
- Tækjabúnaður meðferðis

Neyðarlínan tryggir boðun og upplýsa bjargir á talhópi **Blár 9 – 0**.

4.1 Boðun atviksáætlunar

NEYÐARSTIG-RAUTT	
Umfang þar sem daglegar bjargar í umdæminu þurfa utanaðkomandi aðstoð og þörf er á samhæfingu viðbragðsaðila.	
Lögregla, sjúkraflutningar, slökkvilið og svæðisstjórnir ákveða viðbótarviðbragð	
Aðgerðastjórn AST	AST er virkjuð.
Svæðisstjórn björgunarsveita	Boðuð og er bakland björgunarsveita á svæðinu, manna AST og VST.
Björgunarsveitir	Boðaðar á neyðarstigi, manna AST og VST.
Slökkvilið og sjúkraflutningar	Viðkomandi slökkvilið/sjúkraflutningar meta þörf á frekara viðbragði í samráði við AST/SST.
Heilbrigðisstofnun HSU	HSU virkjar viðbragðsstjórn spítalans, manna AST og VST.
Rauði krossinn á Íslandi	RKÍ móttækur boð og fylgist með framgangi og metur þörf á FHS og SSA í samráði við AST/SST. Viðbragðshópur boðaður til aðstoðar. Manna AST
Hagsmunaaðilar	Isavia, ferðaþjónustuaðilar, raforkuveita, hitaveita og aðrir eftir atvikum.

4.2 Afboðun

Lögreglustjórnin í Vestmannaeyjum tekur ákvörðun um afboðun áætlunarinnar í samráði við aðrar stjórneiningar sem hafa verið virkjaðar, þ.e. VST og SST.

AST tilkynnir afboðun til SST sem tilkynnir afboðun til Neyðarlínunnar, sem sér um framkvæmd hennar og sendir tilkynningu þar um. AST tilkynnir auk þess um afboðun á TETRA til þeirra viðbragðsaðila sem hafa verið virkjaðir.

Sérstaklega skal taka fram ef aðeins valdar einingar eru afboðaðar.

5. STARFSSVÆÐI

Í atvikaáætlunum er lýsing á starfssvæðum fyrir tiltekið atvik og hver tekur ákvörðun um virkjun og staðsetningu þeirra og hvaða einingar sinna hverju starfssvæði. Í stjórnskipulagsáætlun er að finna nánari lýsingu á starfssvæðunum, s.s. starfsemi og hlutverki verkþáttastjóra.

Á hverju starfssvæði og við hvern verkþátt starfa margar verkeiningar eða starfsstéttir. Nauðsynlegt er að samhæfa störf þeirra og er það hlutverk verkþáttastjóranna, en þeir eru millistjórnendur sem stýra og samhæfa verkþætti á vettvangi í umboði vettvangsstjóra.

Ef um er að ræða atvik þar sem ekki eru margir þolendur, er ekki þörf á að virkja öll starfssvæðin. Betra er að virkja starfssvæðin í upphafi og loka þeim þegar ljóst er að ekki er þörf á þeim.

Söfnunarsvæði fyrir þolendur:

Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)
Söfnunarsvæði útsettra (SSÚ)
Söfnunarsvæði látinna (SSL)
Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)
Fjöldahjálparstöð (FHS)

Biðsvæði

Móttaka bjarga (MÓT)
Biðsvæði bjarga (BB)

5.1 Móttökustaður (MÓT)

Staðsetning: Ákvörðun AST en til vara VST
Verkþáttastjóri: Flutningastjóri
Hverjir sinna: Björgunarfélag Vestmannaeyja

5.2 Biðsvæði bjarga (BB)

Staðsetning: Ákvörðun AST
Verkþáttastjóri: Flutningastjóri
Undirstjórnandi: Ákvörðun flutningastjóra
Hverjir sinna: Björgunarfélag Vestmannaeyja

5.3 Slysstaður og næsta nágrenni (SLY)

Verkþáttastjóri: Björgunarstjóri
Hverjir sinna: Lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningamenn, björgunarfélag Vestmannaeyja.

5.4 Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

Staðsetning: Ákvörðun VST/læknis
Verkþáttastjóri: Aðhlynningarstjóri
Hverjir sinna: Viðbragðssveit heilbrigðisstofnana, sjúkraflutningamenn, Björgunarfélag Vestmannaeyja og aðrir eftir atvikum.

5.5 Söfnunarsvæði útsettra (SSÚ)

Staðsetning:	Ákvörðun AST en til vara VST
Verkpáttastjóri:	Aðhlynningarstjóri
Hverjir sinna:	Viðbragðssveit heilbrigðisstofnana, sjúkraflutningamenn, Björgunarfélag Vestmannaeyja og aðrir eftir atvikum.

5.6 Söfnunarsvæði látinna (SSL)

Staðsetning:	Ákvörðun AST
Verkpáttastjóri:	Gæslustjóri
Hverjir sinna:	Lögreglan, kennslanefnd RLS og aðrir samkvæmt ákvörðun VST. <i>Hafa skal samráð við rannsakendur um meðferð látinna.</i>

5.7 Gæslustörf á vettvangi (IL og YL)

Lokun svæða fyrir umferð, verndun vettvangs og gæsla eftir þörfum á starfssvæðum og biðsvæðum, skipulagning á umferðarstjórn, umsjón með SSL og talningu.

Verkpáttastjóri:	Gæslustjóri
Ytri lokun:	Ákvörðun AST / VST
Innri lokun:	Ákvörðun VST
Hverjir sinna:	Lögreglan en til vara Björgunarfélag Vestmannaeyja eða aðrir eftir atvikum undir stjórn lögreglu.

5.8 Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Staður þar sem aðstandendum er safnað saman til upplýsingagjafar, skráningar og sameiningu aðstandenda og þeirra sem komust óslasaðir frá atvikinu. Þar fer einnig fram eftir atvikum sálfélagslegur stuðningur.

Staðsetning:	Ákvörðun RKÍ í samráði við AST
Ábyrgð:	AST
Stjórnandi:	RKÍ stjórnar innri starfsemi á SSA í umboði AST og upplýsir AST um stöðu mála hverju sinni.
Hverjir sinna:	RKÍ, sálgæslustuðningsaðilar, fulltrúar trúar- og/eða annarra lífskoðunarfélag og aðrir eftir atvikum.

5.9 Fjöldahjálparstöð (FHS)

Staður sem þolendum alvarlegra atburða er safnað saman í öruggt skjól í skemmri eða lengri tíma. Þar fer m.a. fram m.a. skráning, úrvinnsla skráninga, upplýsingagjöf og sálfélagslegur stuðningur.

Staðsetning:	Ákvörðun RKÍ í samráði við AST
Ábyrgð:	AST RKÍ stýrir opnun og starfrækir fjöldahjálparstöðvar.
Stjórnandi:	RKÍ stjórnar innri starfsemi á FHS í umboði AST og upplýsir AST um stöðu mála hverju sinni.
Hverjir sinna:	RKÍ, heilbrigðisstarfsfólk, björgunarsveitir, fulltrúar trúar- og eða annarra lífskoðunarfélag og aðrir eftir atvikum.

5.10 Talning og skráning

Talning og staðsetning þolenda við slysstað. Hafa yfirsýn með hvar þolendur eru á hverjum tíma. Gæslustjóri eða fulltrúi hans sér um að taka saman tölur frá talningapóstum og upplýsa VST og AST um fjölda og staðsetningu.

Staðsetning: Talið er á SLY, inn og út af söfnunarsvæðum, FHS ásamt IL og YL.

Ábyrgð: VST

Stjórnandi: Gæslustjóri

Hverjir sinna: Lögregla og eftir atvikum aðrir

6. SÉRTÆKUR KAFLI

6.1 Mannmargir viðburðir

Viðbragð vegna mannmarkra viðburða má finna í gátlistum sem fylgja áætlun þessari, en helstu viðburðir eru:

Puffin Run sem haldið er í byrjun maí ár hvert og trekkir að mikinn fjölda keppenda auk fylgdarliðs.

Tvö fjölmenn fótboltamót (stráka og stelpu) sem haldin eru í júní en þar eru rúmlega 1000 keppendur auk fylgdarliðs.

Gosloka hátíð sem haldin er fyrstu vikuna í júlí en þar er um að ræða nokkurra daga hátíð og er mikill fjöldi sem sækir Vestmannaeyjar heim yfir þá hátíð.

Þjóðhátíð, sem haldin er helgina fyrir frídag verslunarmanna, er stór og fjölmenn hátíð sem krefst aukins viðbragða allra sem að henni koma.

Auk þess eru þrettándinn, matar- og bjórhátíðir, árgangsmót o.fl.

6.2 Sjóslýs innan hafna

Lögreglustjóri ber ábyrgð á björgunaraðgerðum á landi, innan hafna og við strendur landsins. Landhelgisgæsla Íslands (LHG) ber ábyrgð á leit og björgun á sjó utan hafna samkvæmt reglugerð nr. 71/2011 um stjórnun leitar- og björgunaraðgerða vegna sjófarenda og loftfara.

Ef atvik verður á sjó, við strendur eða innan hafna skulu lögregla og LHG vinna náið saman að samhæfingu aðgerða. Leiki vafi á því hvort lögregla eða LHG fari með forræði máls skal ávallt tilkynna atvikið til beggja aðila. Samstarf milli JRCC-Ísland (SMC, AST-sjór) og fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra (FMR) skal tryggt til að tryggja tafarlaust flæði upplýsinga og skal virkja samhæfingarstöðina (SST) þegar umfang aðgerða krefst þess.

Ef skip er fært til neyðarhafnar færast stjórn aðgerða til lögreglu eða LHG eftir aðstæðum og samkvæmt samráði þeirra á milli.

6.2.1 Virkjun

Áætlunina er hægt að virkja á **NEYÐARSTIG-RAUTT** samkvæmt 3. kafla áætlunarinnar. LHG er upplýst í kjölfarið um virkjun áætlunarinnar þegar sjóslýs verður innan hafna.

6.2.2 Boðun

Boðun er samkvæmt 4. kafla áætlunarinnar.

6.2.3 Stjórnun aðgerða

Stjórnun aðgerða vegna sjóslýsa innan hafna eða við strendur landsins fer fram samkvæmt stjórnkerfi SÁBF.

Samhæfingarstöð (SST) annast samhæfingu og yfirstjórn almannavarna aðgerða með hliðsjón af almannavarnastigi og viðeigandi viðbragðsáætlun. Þar getur einnig farið fram samhæfing hvers kyns aðgerða við leit og björgun á landi, sjó og í lofti eða viðbragða við hættuástandi þótt ekki hafi verið lýst yfir almannavarnaástandi. Einnig getur AST eða lögreglustjóri óskað eftir því að SST annist stjórn vegna tiltekinnar hættu. Samhæfing aðgerða fer fram í SST þegar slys verða innan hafna eða við strendur landsins, skammt frá landi.

Aðgerðastjórn (AST-land) í viðkomandi lögregluumdæmi fer með stjórn og samhæfingu aðgerða á landi, innan hafnarsvæða og við strendur í samstarfi við LHG. Þar á meðal móttöku, skráningu, aðhlynningu og flutningi þolenda.

Vettvangsstjórn á landi (VST-land) er undir stjórn lögreglu og annast móttöku og björgun þolenda í landi samkvæmt SÁBF stjórnkerfinu.

JRCC-Ísland (SMC, AST-sjór) í stjórnstöð LHG, fer með stjórn leitar- og björgunaraðgerða á sjó utan hafnarsvæða og samhæfir aðgerðir á sama svæði.

6.2.4 Umfang og staðsetning atviks

Viðbrögð við sjóslysi ráðast af:

- Staðsetningu atviks
- Fjarlægð frá landi
- Veðri og sjólagi
- Fjölda þolenda
- Aðgengi bjarga

6.2.5 Hafnarsvæði



Myndin sýnir innri og ytri mörk hafnarsvæðis

6.2.6 Fjarskipti

Fjarskipti viðbragðsaðila fara fram í samræmi við fjarskiptaskipulag.

JRCC-Ísland (SMC, AST-sjór) sér um fjarskipti við skip og loftför sem taka þátt í aðgerðum á sjó, nema annað sé ákveðið.

Í upphafi fara fjarskipti milli báta og LHG/VSS (Vaktstöð siglinga) fram á VHF rás 16 sem er uppkall og neyðartíðni skipa og báta. Samskipti við loftför í leit og björgun fara fram í gegnum flugstjórnarmiðstöð.

Frekari útfærsla á skipulagi fjarskipta er ákveðin af VST í samráði við AST.

6.2.7 Starfsvæði og móttaka í landi

AST/VST á landi skipuleggur eftir atvikum móttöku þolenda í landi og starfssvæði samkvæmt umfjöllun í kafla um starfssvæði. AST/VST skipuleggur jafnframt flutning þolenda, eftir atvikum í samstarfi við SST.

Biðsvæði bjarga geta verið bæði á landi og á sjó eftir eðli atviks. SST ber ábyrgð á að halda skrá yfir þolendur og alla sem taka þátt í fjöldabjörgunaraðgerð sé SST virk.

6.2.8 Ábyrgð skipstjóra

Skipstjóri ber ábyrgð á öryggi skips, farþega og áhafnar samkvæmt gildandi lögum og reglum. Þegar öryggi farþega um borð er talið tryggt og aðstæður gefa ekki tilefni til rýmingar, skulu farþegar ekki færðir frá borði.

Leitast skal við að skipstjóri haldi þeirri ábyrgð eins lengi og aðstæður leyfa og meðan hann getur gegnt hlutverki sínu.

6.3 Sjóslys utan hafna

Landhelgisgæsla Íslands (LHG) ber ábyrgð á leit og björgun á sjó utan hafna samkvæmt reglugerð nr. 71/2011 um stjórnun leitar- og björgunaraðgerða vegna sjófarenda og loftfara.

Viðbragðsáætlun um fjöldabjörgun á hafi útlistar nánar viðbragði vegna sjóslyss utan hafnar.

7. VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA

Upphafstalhópur er TETRA Blár 9-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

7.1 Neyðarlína 112

Upphafstalhópur er TETRA Blár 9-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig rauður

- ☐ Móttækur tilkynningu frá LSVE/AVD
- ☐ Virkjar viðbragðsáætlun með SMS boðun
- ☐ Annast boðun bjarga að ósk AST
- ☐ Tilbúin að senda upplýsingar með SMS um eyjuna, ef um það er beðið

7.2 Aðgerðastjórn (AST)

Upphafstalhópur er TETRA Blár 9-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig rauður

- ☐ Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu
- ☐ AST virkjast
- ☐ Tryggir samskipti við SST, lögreglu, VST, ef það er virkjað
- ☐ Tekur afstöðu til þess hvort útvíkka þurfi fjarskiptaskipulag í samráði við VST
- ☐ Tryggir upplýsingaflæði til eininga innan AST
- ☐ Hugar að lokunarpóstum, ef við á
- ☐ Hugar að mönnun utanaðkomandi bjarga
- ☐ Gerir stöðumat á björgum í umdæminu
- ☐ Yfirfer gátlista vegna hóslyss

7.3 Lögreglan í Vestmannaeyjum (LVE)

Upphafstalhópur er TETRA Blár 9-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig rauður

- ☐ Mannar AST og VST
- ☐ Tilnefnir vettvangs- og gæslustjóra
- ☐ Tryggir rannsóknarhagsmuni og sinnir rannsóknum
- ☐ Tryggir að RNSA sé upplýst

7.4 Vettvangsstjórn (VST)

Upphafstalhópur er TETRA Blár 9-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig rauður

- ☐ Stjórnar aðgerðum á vettvangi
- ☐ Skipar í stöður samkvæmt verkáttaskipuriti SÁBF eftir atvikum
- ☐ Tryggir hlustun á AST og verkþáttastjóra
- ☐ Óskar eftir frekari björgum frá AST ef þörf er á

7.5 Sjúkraflutningar og starfsmenn Heilbrigðisstofunnar Suðurlands í Vestmannaeyjum

Upphafstalhópur er TETRA Blár 9-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig rauður

- ☐ Mannar AST, sjúkrabifreiðar og viðbragðssveit
- ☐ Sinnir bráðaflokkun á slystað undir stjórn aðhlynningarstjóra
- ☐ Sinnir sjúkraflutningum

7.6 Slökkviliðið í Vestmannaeyjum

Upphafstalhópur er TETRA Blár 9-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig rauður

- ☐ Mannar AST, VST og tilnefnið björgunarstjóra
- ☐ Sinna bráðaflokkun á slysstað undir stjórn aðhlynningarstjóra
- ☐ Aðstoða við flutning þolenda á SSS
- ☐ Björgun á föstu fólki úr farartækjum og/eða mannvirkjum
- ☐ Koma í veg fyrir og/eða slökkva eld
- ☐ Bregðast við mengun, hindra útbreiðslu og hreinsa upp

7.7 Svæðisstjórn á svæði 18

Upphafstalhópur er TETRA Blár 9-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig rauður

- ☐ Mannar AST og VST
- ☐ Tryggir uppsetningu MÓT og tilnefnið flutningsstjóra

7.8 Björgunarsveitir á svæði 18

Upphafstalhópur er TETRA Blár 9-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig rauður

- ☐ Tiltækur skyndihjálparbúnaður tekinn með
- ☐ Gefa sig fram á MÓT og bíða frekari fyrirmæla
- ☐ Sinnir bráðaflokkun á slysstað undir stjórn aðhlynningarstjóra

7.9 Rauði krossinn á Íslandi (RKÍ)

Upphafstalhópur er TETRA Blár 9-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig rauður

- ☐ Mannar AST
- ☐ Starfrækir fjöldahjálparstöð skv. beiðni AST hverju sinni
- ☐ Starfrækir SSA skv. beiðni AST og/eða SST hverju sinni
- ☐ Sendir hjálparliða SSS skv. beiðni AST hverju sinni
- ☐ Virkjar hjálparsíma 1717 eftir þörfum hverju sinni í gegnum SST

7.10 Samráðshópur um áfallahjálp í umdæminu

Upphafstalhópur er TETRA Blár 9-0 þar til fyrirmæli eru gefin um annað.

Neyðarstig rauður

- ☐ Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu 112
- ☐ Tryggir upplýsingaflæði til hópsins og upplýsir eftir þörfum
- ☐ Starfar samkvæmt innri áætlun samráðshópsins

8. BREYTINGASAGA

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar/breytingar
1.0	12.09.2026	Fyrsta útgáfa